

# LANDSMÓT FÁLKASKÁTA 2022

Fyrsta fréttabréf



Mótið verður 30. júní til 3. júlí og á Úlfjótsvatni. Komið á fimmtudagskvöldi og heim á sunnudegi.

Þemað verður „Þjóðlegt“ og með svipuðu sniði og mótið sem var á Laugum í Sælingsdal 2018.

Í umgjörðinni verður leitast við að draga fram þjóðlega arfinn í sögum og sögnum gamla tímans ásamt mismunandi handverki og öðrum viðfangsefnum.

Þorpin verða fjögur og til heiðurs 100 ára afmæli kvennskátastarfs þá bera þau nöfn kvenna úr landnámssögunni.

**Hallveig Fróðadóttir** var kona Ingólfs Arnarsonar fyrsta landnámsmannsins. Þau komu að landi við Ingólfshöfða þar sem þau hentu öndvegissúlunum fyrir borð ákveðin í að finna þær aftur og setjast að þar sem þær rækju að landi. Fundu súlurnar í Reykjavík og settust þar að. Úlfjótsvatn er í landnámi Ingólfs.

**Helga Arnardóttir** var systir Ingólfs. Hún kom að landi við Hjörleifshöfða ásamt manni sínum Hjörleifi. Þau settust þar að en er Hjörleifur var vegin af þrælum sínum flutti hún til Reykjavíkur.

**Þóra mostrastöng Höða-Káradóttir** hún var ekki landnámsmaður en mamma Úlfjóts sem var landnámsmaður í Austur Skaftafellsýslu. Úlfjótur átti sel á Úlfjótsvatni og var fyrsti lögréttumaðurinn á Íslandi.

**Ásgerður Asksdóttir** nam land í Fljótshlíðinni. Hún ætlaði að koma til Íslands með manninum sínum en menn Noregskonungi drápu hann rétt áður. Ásgerður ákvað að koma samt með börnin sín og bróðir hennar Þórólfur kom með henni.



**Utan dagskrár** verður leikur þar sem Skátarnir safna táknum (stimplum) til vitnis um hvað þeir hafi gert, upplifað eða skoðað. Ekki verður sérstakt eftirlit með því enda eru skátar heiðarlegir og segja ávallt satt. Nánar um það þegar nær dregur.

**Tjaldbúðarskoðun** verður föstudags og laugardagsmorgun og viljum við biðja félögin að tilnefna skáta úr sínum röðum til að skoða hjá öðrum félögum.

**Viðurkenningar** verða veittar fyrir allskonar atriði sem þykja skara fram úr á mótinu.

**Steinastígur eða varða** í samráði við staðarhaldara á Úlfjótssvatni verður staður til að skilja eftir steina sem skátarnir komu með að heiman. Steinarnir mega vera allavega og gaman ef þeir verða málaðir eða skreyttir á einhvern hátt. Ef þau koma ekki með steina eða langar að mála verður málning og aðstaða á á mótinu.

**Símanotkun** verður ekki í boði fyrir þátttakendur en einnota myndavélar gætu verið góður kostur.

*Með skátakveðju*

*Mótsstjórn.*

